

Kvikmyndasafn Íslands hefur áður sent inn álit vegna frumvarps til laga um breytingar á Kvikmyndalögum nr. 137/2001 þar sem óskað var eftir því að lokastyrkur verkefna sem studd eru af Kvikmyndamiðstöð Íslands yrði bundin við skil á styrktri kvikmynd til Kvikmyndasafns Íslands. Enn er hnykkt á því. Kvikmyndasafnið safnar kvikmyndum skv. lögum en sé mynd ekki skilað liggja engar refsingar við því. Kvikmyndasafn Íslands hefur gert samning við Kvikmyndamiðstöð Íslands um að lokastyrkur sé ekki afhentur framleiðendum fyrr en mynd hefur verið skilað til Kvikmyndasafns Íslands skv. lögum. Frá því að þessi samningur var gerður hafa allar styrktar myndir skilað sér til safnsins. En þessi samningur er ekki lögbundinn og ekkert sem segir að framtíðarstjórnendur þessara stofnana þurfi að fara eftir honum. Því væri það best til framtíðar litið að lokastyrkur þeirra verkefna sem Kvikmyndamiðstöð Íslands eða ríkið, sé bundinn við skil til Kvikmyndasafns Íslands í lögum.

Varðandi gjaldskrárheimild safnsins í 5. gr. er það gott og blessað - en undirrituð vill þó benda á að tekjur vegna gjaldskrár standa engan veginn undir stafvæðingu safnkostsins - þ.e. þess að gera hann aðgengilegan eins og kemur fram í greinargerð - en um það verkefni liggja fyrir skýrslur hjá ráðuneyti menningar og viðskipta.

Virðingarfyllst,

Þóra Ingólfssdóttir,
Forstöðumaður/Director



The National Film Archive of Iceland